



Skriftarkennsla og kennsla í notkun lyklaborðs

Fyrir á þessu ári bauð Menntamálastofnun grunn-skólakennurum í spjall um skriftarkennslu og kennslu í fingrasetningu á lyklaborð. Markmiðið með spjallinu var að fá innsýn í kennslu greinanna, hvort heildstæð stefna væri í skólum hvað hvort tveggja varðar, fá upplýsingar um viðhorf til tengi-skriftar og námsefnis og síðast en ekki síst hvernig mati á hvoru tveggja er háttað.

Um 30 kennarar, víðs vegar að af landinu, tóku þátt í áhugaverðu þriggja hópa spjalli undir stjórn starfsmanna Menntamálastofnunar þar sem ofangreint var rætt. Áður en spjallið fór fram fengu kennarar í hendur nokkrar umræðuspurningar og kveikjur svo þeir gætu undirbúið sig og ígrundað málefnið.

Undanfarin ár hafa umræður um skriftarkennslu og kennslu í notkun lyklaborðs ekki farið hátt en þó má gera ráð fyrir því að allir séu sammála um að þarna sé um undirstöðufærni að ræða, færni sem allir nemendur þurfa að hafa á valdi sínu til

að geta tjáð sig. Um það vitna einnig ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla. Jafnframt hafa vaknað eðlilegar spurningar um stöðu skriftarkennslu nú á tímum upplýsingatækni og aukinnar notkunar stafrænna tækja til miðlunar. Skrift og skilvirk notkun lyklaborðs eru verkfæri miðlunar og nauðsynleg forsenda þess að nemendur geti orðið ritfærir. Hér kemur upp í hugann samlíking við lesfimina sem er sjálfvirkur og fyrirhafnarlaus lestur svo hægt sé að einbeita sér að merkingu texta. Til að geta nýtt sér ritmálið til miðlunar þurfa nemendur að verða skriftarfimir og ekki síst fingrafimir eða að geta skrifað og notað lyklaborð á sjálfvirkan og fyrirhafnarlausan hátt. Það var því góð ástæða til að spjalla við kennara og fá fram sjónarmið og umræðu hvað varðar málefnið. Hér eru settir á blað nokkrir punktar úr samtalinu við kennarana en síðar væri rétt að halda áfram að skoða málefnið enn frekar með samantekt á rannsóknum og fá fram með ítarlegri hætti reynslu og viðhorf skólafólks á málefninu.

Hver er stefnan?

Kennarar voru sammála um að í skólum þeirra væri engin heildræn stefna varðandi skriftarkennslu og kennurum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beittu í kennslunni, hvaða áherslur yrðu ofan á (t.d. tengiskrift eða ekki) og hvaða námsefni væri notað. Einn skóli hafði haft fyrir því að spyrjast fyrir um stefnu í skriftarkennslu hjá nágranna-skólum og þar var heildræn stefna ekki heldur til staðar. Þeirri mikilvægu spurningu var velt upp hvaða afleiðingar mögulegt ósamræmi í skriftarkennslu gæti haft á skriftarnám nemenda; hvaða áhrif það hefði ef kennarar sama skóla styddust við mismunandi námsefni í skrift og væru með ólíkar áherslur þar sem skriftarkennsla og þjálfun fengi ýmist lítið eða mikið svigrúm. Allir kennarar voru sammála um að skýr stefna í skriftarkennslu kæmi bæði skólaskipulagi og nemendum til góða og gæti leitt til skilvirkari og betri kennslu.

Þegar talið barst að ákveðinni stefnu vegna kennslu í réttri fingrasetningu á lyklaborð komu lítil viðbrögð frá kennurum. Af því má draga þá ályktun að í skólum þeirra kennara, sem við ræddum við, sé slík stefna ekki til staðar og að sömu annmarkar séu til staðar og í skriftarkennslunni.

Kennslan

Kennarar voru sammála um að skriftarkennsla fengi almennt minna svigrúm í dag en áður og settu margir þeirra spurningarmerki við þá þróun. Í sumum skólum er til að mynda lítil áhersla lögð á beina skriftarkennslu og töldu kennarar svigrúm til innlagnar og þjálfunar ekki nægilega mikið. Þetta gerði það að verkum að nemendur næðu t.d. oft og tíðum ekki nægilega góðum tókum á gripi og réttum stafdrætti sem getur haft mikil áhrif á flæði skriftar. Þetta leiddi meðal annars til þess að stafdráttur sumra nemenda á efri stigum væri stirðlegur og þeir t.d. enn að nota hástafi í miðjum orðum. Af ummælum kennara að dæma virtist þó skriftarkennsla á yngsta stigi vera í betri farvegi enda hún hluti af stafainnlögn og fyrstu skrefum nemenda í þá átt að verða læsir og skrifandi.



Varðandi færni nemenda í notkun fingrasetningar á lyklaborð voru kennarar almennt sammála um að hún væri fremur slök á öllum stigum. Þrátt fyrir mikið tal um notkun á stafrænni tækni í skólastarfi, kröfu um að færa allt námsumhverfi í stafrænan búning og fjárfestingar sveitarfélaga og skóla í tækjabúnaði, væri ekki hugað nægilega vel að þessum þætti. Allur gangur er á því hversu góða og markvissa kennslu nemendur fá í fingrasetningu og í einhverjum skóla var tækjabúnaður til þjálfunar ekki til staðar. Kennarar voru ekki á einu máli varðandi það hvenær heppilegt væri að hefja kennslu í fingrasetningu og töldu sumir mikilvægt að nemendur fengju gott svigrúm til að komast aðeins af stað í lestrarnámi sínu áður en þjálfun á lyklaborð hæfist.

Tengiskrift

Skoðanir kennara á gildi tengiskriftar voru nokkuð skiptar og ýmsir fletir hennar ræddir. Einhver nefndi að sér þætti hún áferðarfallegri á meðan aðrir héldu því fram að skrift nemenda yrði ólæsi- legri við beitingu hennar. Fram kom að viðhorf nemenda til tengiskriftarnáms væri ýmist jákvætt eða neikvætt og að í stað þess að leggja áherslu á tengiskrift ættu nemendur að fá frelsi til þróar persónulega rithönd. Þeirri spurningu var svo einnig varpað fram hvort krafa um tengiskrift væri barn síns tíma.

Námsefni

Menntamálastofnun (áður Námsgagnastofnun/ Ríkisútgáfa námsbóka) hefur til margra ára gefið út námsefni í skrift. Árið 1984 hófst útgáfa á *Skrift 1–7* eftir Björgvin Jósteynsson o.fl. og árið 2013 gaf stofnunin út efnið *Ítalíuskraft* eftir Freyju Bergsveinsdóttur og Gunnlaug S. E. Briem. Stofnunin er þó víst ekki ein um hituna því skólar hafa jafnframt notað efnið *Góður, betri, bestur* sem er kennt við Vallaskólaleiðina og svo nefndi einhver nálgunina *Orðaskuggar* og kennd er við byrjendalæsi.

Í langflestum tilvikum nefndu kennarar námsefnið *Fingrafimi 1* og *2* þegar rætt var um kennsluefni í notkun lyklaborðs. Í einu tilviki notaði kennari eldra námsefni í vélritun og lét nemendur vinna efnið í *Google Docs*. Kennarar nefndu einnig kennsluefni á netinu, t.d. www.typing.com og nokkrir kennarar sökkuðu gamla *Ritþjálfans* sem þeir töldu að hefði gefist vel. Kennarar voru á einu máli um að þrátt fyrir að námsefni MMS væri að mörgu leyti gott væri þörf fyrir meira og þá sérstaklega fyrir nemendur á efri stigum grunnskólans sem ekki hafa náð góðum tökum á réttri fingrasetningu.

Skipst var á skoðunum um kosti og galla náms-efnisins og hvaða leiðir eru færar. Þetta var gott innlegg og umræður fyrir mögulegar framtíðaráherslur við gerð nýs námsefnis í skrift og til að styðja við stafrænar áherslur í skólastarfi.



Mat

Fram kom hjá kennurum að skortur væri á sam- hæfðum aðferðum við mat á skrift. Var og bent á að kennarar notuðu nokkrar mismunandi leiðir til að meta skrift nemenda sinna, þ.e. ef verið væri að meta skrift yfir höfuð. Eitt kennarateymi fór þá leið að safna saman ritunarsýnishornum allra nemenda í árgangi og meta þau út frá besta sýnishorninu í safninu. Annar kennari mat skrift út frá ákvæðum aðalnámskrár og í einum skóla var mati á skrift nemenda á miðstigi háttað þannig að kennarar mátu heildaryfirbragð skriftar og vinnu- brögð. Til að tryggja að nemendur notuðu alltaf „spariskriftina“ sína var það einn kennari sem not- aði bæði skriftarbækur og verkefni nemenda til að meta skrift þeirra sem verður að teljast klók leið til að fá nemendur til að vanda sig í allri skriflegri vinnu.

Þegar kom að umræðum um mat á réttri fingra- setningu nemenda varð aftur fát um svör af hálfu kennara. Í námsefni MMS má finna kennsluleið- beiningar, stuttar leiðbeiningar um mat og skrán- ingarblað sem kennarar virðast ekki vera með- vitaðir um eða hafa af einhverjum ástæðum ekki kosið að nota.

Aðrar vangvæltur

Kennarar voru almennt sammála um mikilvægi skriftarnáms. Bentu þeir á mikilvægi þess að nem- endur tileinkuðu sér skriftarfimi og læsilega rit- hönd sem miðlunarleið, sérstaklega á fyrstu stig- um náms í grunnskóla. Rætt var um mikilvægi þess að samræma áherslur milli leik- og grunnskóla t.d. vegna rétts grips á skriffæri og rétts stafdráttar en kennarar báru því við að erfitt væri að vinda ofan af röngu gripi og stafdrætti þegar búið væri að festa hvort tveggja í sessi.

Kallað var eftir því að aðalnámskráin væri meira leiðbeinandi hvað varðar skriftarkennslu/notkun réttrar fingrasetningar og að Menntamálastofnun yrði leiðandi í að hjálpa skólum að koma á sam- ræmdri stefnu í skriftarkennslu og notkun réttrar

fingrasetningar. Það myndi kalla á öflugri náms-
efnisútgáfu og starfsþróunartækifæri fyrir kenn-
ara vegna innleiðingar á nýju námsefni.

Framtíðin?

Gera má að því skóna að þeir kennarar sem gáfu
færi á sér í spjallið séu kennarar sem hafa mikinn
áhuga á viðfangsefninu enda voru umræður á
köflum býsna líflegar. Hér er um lítið úrtak kenn-
ara að ræða og ekki hægt að alhæfa um stöðu
skriftarkennslu og kennslu í notkun fingrasetn-
ingar almennt í íslenskum skólum en niðurstaða
samvalsins var á þá leið að full þörf væri á að skoða
stöðuna betur.

Óneitanlega vaknar sú spurning hvort minnkandi
skriftarkennsla og skortur á samræmi í skriftar-
námi nemenda eigi rætur sínar að rekja til minnk-

andi tiltrúar á gildi skriftar vegna tilkomu nýrrar
tækni. Ef rétt er þá virðist sú tiltrú ekki skila sér í
skilningi á gildi þess að ná góðum tókum á ritun
með lyklaborði því skipan þeirra mála virðist vera
enn óljósari en fyrr í hugum kennara ef marka
má umræðurnar í spjallinu okkar. Staðan má ekki
verða sú að nemendur okkar verði hvorki skriftar-
fimir né leiknir í notkun lyklaborðs eða án nokk-
urrar leiðar til að tjá sig með skilvirkum hætti.
Margir yrðu fljótir að svara því til að nú þegar sé
sú tækni fyrir hendi að tala við tölvur þannig að
í raun sé hvorki þörf fyrir skriftar- né lyklaborðs-
kunnáttu en hér er best að flýta sér hægt. Mikil-
vægt er að takast á við það stefnuleysi sem virðist
vera til staðar, taka dýpra spjall um hvaða færni
leggja þarf áherslu á og hvers konar grunn nem-
endur þurfa að hafa til að ná góðri, alhliða ritunar-
færni sem nýtist í námi og starfi.

Guðbjörg R. Þórisdóttir læsisráðgjafi tók saman